

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR
SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS HF. 2010**

HALDINN Í LISTASAFNI AKUREYRAR

FÖSTUDAGINN 28. MAÍ KL. 16

Halldór Jóhannsson formaður stjórnar setti fundinn. Formaður gerði ennfremur að tillögu sinni að Ólafur Rúnar Ólafsson hdl. yrði kjörinn fundarstjóri og Vilhjálmur Bergs hdl. yrði kjörin fundarritari og voru engar athugasemdir gerðar. Halldór lýsti fundinn settan og óskaði að lokum eftir einnar mínútu þögn til minningar um Elísabetu Sigurðardóttur varastjórnarmann sem lést fyrr á árinu.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og lýsti því yfir að hann væri löglega boðaður, mætt væri fyrir nægjanlegan fjölda hluta og hann því lögmætur til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Fundarstjóri lagði til að liðir 1-3 yrðu afgreiddir saman. Fundarstjóri bauð formanni stjórnar orðið.

1. SKÝRSLA STJÓRNAR UM STARFSEMI SAMSTÆÐU SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS Á ÁRINU 2009

Formaður bauð fundargesti velkomna og gerði grein fyrir rekstri félagsins á árinu 2009 og lýsti aðdraganda að stofnun félagsins sem gerð var ítarleg skil á hluthafafundi Saga Capital sem haldinn var þann 18. desember 2009. Saga Eignarhaldsfélag fer með rúmlega 90 % hlutfjár í Saga Capital. Hilda hf. fer með tæplega 10% hlut í bankanum. Sömu stjórnarmenn sitja í stjórnnum félaganna þriggja.

Formaðurinn gerði grein fyrir því að samstæðureikningur Saga Eignarhaldsfélags tæki aðeins til rekstrar dótturfélagsins síðustu tvo mánuði síðasta árs, en að forstjóri bankans myndi þó fara yfir rekstur dótturfélagsins Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. allt síðasta ár.

Formaðurinn fór í ræðu sinni yfir landslagið á fjármálamarkaði eftir endurskipulagningu. Þá fór hann yfir stöðu Saga Capital og horfur í rekstri og fjallaði um þá stefnu stjórnar bankans að efla bankann sem fjárfestingarbanka eingöngu. Þá fór hann yfir þær áskoranir sem væru framundan.

Að því loknu þakkaði formaðurinn hljóðið og gaf fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri gaf forstjóra Saga Capital orðið.

Forstjórinn fór yfir starfsemi bankans á árinu 2009 og horfur í rekstri hans.

Forstjórinn fór lauslega yfir endurskipulagninguna og helstu þætti hennar. Hann rifjaði upp hver staða bankans var fyrir hrun, en þá var staðan mjög góð og bankinn með ríflega 50% CAD eiginfjárlutfall.

Forstjórinn fór að því loknu yfir starfsemi bankans á árinu og helstu tekjuþætti. Hann kvað rekstur bankans hafa gengið vel þrátt fyrir aðstæður og þóknatekjur margfaldast.

Því næst fór forstjórinn nánar yfir góðan árangur ársins í frumútgáfu skuldabréfa og taldi tímasetningu og góðan undirbúning vera lykilinn að því að vel hafi heppnast.

Þá sneri forstjórinn sér að yfirferð yfir helstu þætti í ársreikningi 2009.

Forstjórinn benti sérstaklega á að tekist hafi að fimmfalda þóknunartekjur bankans á árinu úr 80 í um 400 millj. Hagnaður hafi orðið af reglulegri starfsemi bankans.

Greiðslugeta lántakenda bankans sé hins vegar mjög skert og voru 2.5 milljarðar lagðir til hliðar í varúðarfærslu

Í lok árs og að lokinni endurskipulagningunni sé efnahagsreikningur lítill og gegnsær og skuldabirgði létt. Eiginfjárstaða bankans sé sterk eða um 36% CAD, en eigið fé bankans nemur um kr. 2.623 milljónum.

Því næst gerði forstjórinn nánari grein fyrir niðurstöðum rekstrarreiknings. Niðurstaða ársins að loknum afskriftum og fyrir tekjuskatt hafi verið tap uppá rúmar kr. 1.053 milljónir. Afkoma af reglulegri starfsemi hafi verið hagnaður uppá tæpar kr. 18 milljónir.

Á árinu hafi bankinn orðið fyrir einskiptiskostnaði uppá 150 milljónir vegna endurskipulagningarinnar.

Hreinar þóknunartekjur bankans á árinu hafi verið kr. 378 milljónir eins og áður hefur verið rakið. Þá námu hreinar vaxtatekjur kr. 535 milljónum sem er verulegur samdráttur frá árinu á undan, sem stafar af minni efnahagsreikningi, fjármögnunarkostnaði ríkisláns og hærra hlutfalli óvaxtaberandi eigna vegna afskrifta.

Ef litið er til samstæðureiknings Saga Eignarhaldsfélags þá var tap af rekstri félagsins uppá rúmar kr. 87 millj. Tapið skýrist eingöngu af hlutdeild í tapi Saga Capital síðustu tvo mánuði ársins. Eigið fé samstæðunnar var í árslok kr. 2.364 millj.

Því næst fór forstjórinn nánar yfir rekstrarkostnað ársins og skiptingu hans.

Þá tók forstjórinn saman helstu þætti úr efnahagsreikningi Saga Capital.

Forstjórinn fór því næst yfir stefnumótun bankans og áætlun til framtíðar.

Forstjórinn lýsti því næst áherslum bankans í rekstri. Áhersla mun verða á fjögur svið bankans, fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti, áhættustýringu og eignaumsýslu.

Þá gerði forstjórinn grein fyrir stöðu bankans í dag og framtíðarsýn. Mikilvægt er að Saga Capital er fært að auka við hlutafé félagsins og selja til núverandi hluthafa Saga Eignarhaldsfélags eða til nýrra fjárfesta og þannig styrkja núverandi starfsemi bankans, bæta við nýjum tekjupáttum og efla viðskiptatengsl.

Að því loknu bauð forstjórinn uppá spurningar úr sal. Þá þakkaði hann starfsmönnum fyrir vinnu sína og hluthöfum fyrir þolinmæði.

2. ENDURSKOÐAÐUR SAMSTÆÐUREIKNINGUR SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS FYRIR ÁRIÐ 2009 LAGÐUR FRAM TIL STAÐFESTINGAR

Því næst voru reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðanda.

Stjórn félagsins lagði til að framlagður endurskoðaður ársreikningur yrði samþykktur.

Greidd voru atkvæði um þennan lið samhlíða lið nr. 3.

3. ÁKVÖRDUN UM MEÐFERÐ TAPS FÉLAGSINS VEGNA ÁRSINS 2009

Stjórn Saga Eignarhaldsfélags lagði til að ekki yrði greiddur arður til hluthafa fyrir starfsárið 2009 og að tap verði fært til lækkunar á eigin fé.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögunni og bauð orðið frjálst um liði 2 og 3. Engin óskaði eftir að taka til máls. Því næst voru tillögur 2 og 3 bornar undir atkvæði fundarins. Voru tillögurnar samþykktar samhljóða.

4. TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS

Stjórn félagsins lagði til eftirfarandi breytingu á samþykktum félagsins, um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár félagsins:

Núverandi ákvæði 4. gr. samþykpta félagsins falli niður og ný 4. gr. hljóði svo:

Hlutfé félagsins er kr. 95.553.323. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,- eða margfeldi þeirrar fjárhæðar eins og hlutafjäreign hluthafa segir til um á hverjum tíma.

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að hækka hlutfé í allt að kr. 119.500.000,- með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Hluthafar eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutafjäreign sína. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild þessi gildir til aðalfundar 2011.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að sambærileg tillaga um hækkun hlutafjár lægi fyrir aðalfundi Saga Capital Fjárfestingarbanka um heimild stjórnar til þess að hækka hlutfé í allt að kr. 3.700.000.000. Hún gerir þó ráð fyrir að hluthafar Saga Capital skuli ekki eiga forkaupsrétt að auknu hlutfé, heldur skuli hluthafar Saga Eignarhaldsfélags og Hildu eiga forgangsrétt að hækkuðu hlutfé í samræmi við tillöguna.

Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna.

Því næst var tillagan borin upp til samþykktar fundarins og þar samþykkt samhljóða.

5. TILLAGA STJÓRNAR UM STARFSKJARASTEFNU DÓTTURFÉLAGSINS SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA HF.

Lögð var fram tillaga stjórnar Saga Eignarhaldsfélags um starfskjarastefnu dótturfélagsins Saga Capital, sjá framlögð drög að Starfskjarastefnu Saga Capital. Stjórn lagði til að starfskjarastefnan, sem stjórn hefur samþykkt í samræmi við ákvæði 5. tl. 14. gr. samþykpta félagsins sbr. ákvæði 79. gr. a. í lögum um hlutafélag nr. 2/1995 með síðari breytingum, yrði samþykkt.

Fyrir lá greinargerð um framangreindar breytingar. Fundarstjóri fór yfir helstu breytingarnar.

Að því loknu var hún borin undir atkvæði. Enginn óskaði eftir því að taka til máls undir þessum lið.

Tillagan var því næst samþykkt samhljóða.

6. KOSNING STJÓRNAR

Eftirfarandi gáfu kost á sér í stjórn og varastjórn Saga Eignarhaldsfélags:

Stjórn:

Halldór Jóhannsson, kt. 040872-4189
Gunnar Þór Gíslason, kt. 181165-3759
Gunnar Þór Guðmannsson, kt. 150256-3649
Jón Ármann Guðjónsson, kt. 060468-3039
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, kt. 250277-5209

Varastjórn:

Bjarni Hafþór Helgason, kt. 220857-3799
Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119
Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259
Karl Friðriksson, kt. 101170-4039
Stefán Héðinn Gunnlaugsson, kt. 170345-2909

Samkvæmt samþykktum skal stjórn félagsins skal skipuð þremur til fimm mönnum, og allt að fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Fleiri framboð bárust ekki fyrir aðalfund.

Sjálfkjörið var í stjórn þar sem engin mótframboð bárust.

7. KOSNING ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn lagði til að KPMG hf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Saga Eignarhaldsfélags fyrir starfsárið 2010.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna.

Tillagan var að því loknu samþykkt samhljóða á fundinum.

8. ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn Saga Eignarhaldsfélags lagði til að engin stjórnarlaun yrðu greidd vegna yfirstandandi starfsárs.

Stjórn félagsins lagði til að þóknun til endurskoðenda félagsins yrði greidd samkvæmt framlögðum reikningi.

Fundarstjóri benti á að í Saga Capital væri starfandi sama stjórn og í SE, en þar væru greidd laun í samræmi við tillögu þar um. Samkvæmt tillögunni sem liggur fyrir aðalfundi Saga Capital er gert ráð fyrir stjórnarformaður fái í laun kr. 200.000,- á mánuði, en aðrir stjórnarmenn kr. 125.000,- þá fái varamenn í stjórn kr. 62.500,- fyrir hvern setinn fund.

Orðið var boðið laust um þessar tillögur, en enginn óskaði eftir að taka til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

9. ÖNNUR MÁL

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Að lokum lagði fundarstjóri til að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og var það samþykkt án andmæla. Þakkaði fundarstjóri fundarmönnum samstarfið á fundinum.

Því næst sleit fundarstjóri fundi og lauk auglýstum fundarstörfum kl. 17.35.

FUNDARSTJÓRI

FUNDARRITARI